STÆRSTI SKEMMTISTAÐUR Í HEIMI

# Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

Jan - Sept 2024

NOVA
KLÚBBURINN

Efnisyfirlit bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .......................................................... 2
Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu ........................................ 3
Samandreginn efnahagsreikningur ................................................................. 4 - 5
Sjóðstreymisyfirlit .............................................................................................. 6
Eiginfjáryfirlit ....................................................................................................... 7
Skýringar ............................................................................................................ 8 - 10
Ársfjórðungs niðurstöður ................................................................................... 11 - 12

Nova Klúbburinn hf.
Kt. 620916-0560
Lágmúla 9, 108 Reykjavík

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Nova Klúbburinn hf. er móðurfélag Nova hf., en meginstarfsemi þess er fjarskiptarekstur og skyld starfsemi. Samandreginn árshlutareikningur þessi samanstendur af samandregnum árshlutareikningi Nova Klúbbsins hf. (félagið) og dótturfélagi þess Nova hf., saman nefnt „samstæðan". Samandregni árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu námu heildartekjur fyrir tímabilið janúar til september 2024 9.814 milljónum króna, samanborið við 9.666 milljónir króna á sama tímabili á fyrra ári. EBITDA var 3.063 milljónir króna samanborið við 3.018 milljónir á fyrra ári. Hagnaður og heildarafkoma var 563 milljónir króna samanborið við 547 milljónir á fyrra ári. Eigið fé í lok tímabilsins nam 9.566 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en var 9.277 milljónir króna um áramót. Eiginfjárhlutfall er 40,3%, samanborið við 40,0% um áramót. Vísað er til eiginfjáryfirlits varðandi upplýsingar um breytingar á eigin fé á tímabilinu.

Í samræmi við ákvörðun aðalfundar í mars s.l. var hlutafé lækkað um kr. 133.310.000 að nafnverði vegna eigin hluta sem keyptir voru á tímabilinu maí 2023 til og með janúar 2024. Af þessum hlutum voru 10,8 milljón hlutir keyptir í janúar, á meðalgenginu 4,14 kr. fyrir alls 44,7 m.kr.

Á stjórnarfundi í apríl sl. samþykkti stjórn, á grundvelli samþykktar aðalfundar í mars s.l., að hefja endurkaup eigin bréfa fyrir allt að 550 m.kr. Í framhaldi af samþykkt stjórnar og til og með 30. september 2024 hafði félagið keypt sem nemur samtals 60,3 milljónum eigin hluta að nafnverði, á meðalgenginu 3,80, fyrir alls 229,5 m.kr., eða sem nemur 1,64% af útistandandi hlutafé félagsins í lok tímabilsins.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt okkar bestu vitund er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur þessi gefi glögga mynd af fjárhagslegri afkomu samstæðunnar fyrir tímabilið janúar til september 2024, eignum hennar, skuldum og fjárhagsstöðu þann 30. september 2024, og sjóðstreymi hennar fyrir tímabilið janúar til september 2024. Jafnframt er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur og skýrsla stjórnar og forstjóra innihaldi skýrt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning fyrir tímabilið janúar til september 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. október 2024

Stjórn

Sigríður Olgeirsdóttir
Stjórnarformaður

Hrund Rudolfsdóttir
Meðstjórnandi

Jón Óttar Birgisson
Meðstjórnandi

Magnús Árnason
Meðstjórnandi

Jóhannes Þorsteinsson
Meðstjórnandi

Margrét Tryggvadóttir
Forstjóri

# Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2024

| | Sk. | 1.7.-30.9 2024 | 1.7.-30.9 2023 | 1.1.-30.9 2024 | 1.1.-30.9 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Sala | 2 | 3.361.764 | 3.231.120 | 9.729.998 | 9.545.054 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 26.234 | 23.422 | 83.609 | 120.707 |
| | | 3.387.998 | 3.254.542 | 9.813.607 | 9.665.761 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | | | |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 1.545.635 | 1.531.809 | 4.544.217 | 4.598.490 |
| Laun og launatengd gjöld | | 433.651 | 408.068 | 1.467.595 | 1.336.271 |
| Annar kostnaður | | 210.623 | 219.400 | 738.522 | 713.098 |
| | | 2.189.909 | 2.159.277 | 6.750.334 | 6.647.859 |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA** | | 1.198.089 | 1.095.265 | 3.063.273 | 3.017.902 |
| Afskriftir | 3 | (533.545) | (538.950) | (1.634.514) | (1.589.560) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 664.544 | 556.315 | 1.428.759 | 1.428.342 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | | | | | |
| Vaxtatekjur | | 10.215 | 9.147 | 28.267 | 27.483 |
| Vaxtagjöld | | (241.719) | (239.576) | (720.896) | (774.432) |
| Gengismunur | | (2.443) | 6.686 | (1.358) | 671 |
| | 4 | (233.947) | (223.743) | (693.987) | (746.278) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 430.597 | 332.572 | 734.772 | 682.064 |
| Tekjuskattur | | (108.442) | (66.149) | (171.595) | (135.328) |
| **Hagnaður og heildarafkoma á tímabilinu** | | 322.155 | 266.423 | 563.177 | 546.736 |
| **Hagnaður á hlut** | | | | | |
| Grunn- og þynntur hagnaður á hlut | | 0,09 | 0,07 | 0,15 | 0,14 |

Skýringar á bls. 8 - 10 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu 30. september 2024

| | Sk. | 30. sept. 2024 | 31. des. 2023 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Viðskiptavild | 5 | 10.136.485 | 10.048.985 |
| Óefnislegar eignir | | 1.442.988 | 1.639.382 |
| Rekstrarfjármunir | | 4.025.782 | 4.030.146 |
| Leigueignir | | 4.440.574 | 4.291.639 |
| Aðrar fjáreignir | | 2.596 | 2.596 |
| Tekjuskattsinneign | | 530.364 | 475.656 |
| | | 20.578.789 | 20.488.404 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | | 435.512 | 405.306 |
| Skammtímakröfur á tengda aðila | | 144.398 | 174.063 |
| Viðskiptakröfur | | 1.228.356 | 1.124.554 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 483.658 | 480.490 |
| Handbært fé | | 848.249 | 496.960 |
| | | 3.140.173 | 2.681.373 |
| **Eignir samtals** | | 23.718.962 | 23.169.777 |

Skýringar á bls. 8 - 10 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu 30. september 2024

## Skuldir og eigið fé

| | Sk. | 30. sept. 2024 | 31. des. 2023 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 3.623.660 | 3.694.777 |
| Yfirverðsreikningur | | 2.124.422 | 2.327.553 |
| Varasjóðir | | 1.206.353 | 1.358.689 |
| Óráðstafað eigið fé | | 2.611.505 | 1.895.992 |
| | | 9.565.940 | 9.277.011 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | | 1.916.450 | 1.995.000 |
| Leiguskuldbindingar | | 6.494.928 | 6.328.508 |
| Aðrar langtímaskuldir | | 3.066.335 | 2.963.728 |
| | | 11.477.713 | 11.287.236 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir við tengda aðila | | 0 | 177.069 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | 103.638 | 99.750 |
| Viðskiptaskuldir | | 1.071.364 | 812.840 |
| Reiknaðir skattar til greiðslu | | 205.275 | 274.988 |
| Leiguskuldbindingar og aðrar skuldir | | 273.791 | 243.764 |
| Aðrar skuldir | | 941.993 | 932.852 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | | 79.248 | 64.267 |
| | | 2.675.309 | 2.605.530 |
| **Skuldir samtals** | | 14.153.022 | 13.892.766 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 23.718.962 | 23.169.777 |

Skýringar á bls. 8 - 10 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. september 2024

| | Sk. | 1.7.-30.9 2024 | 1.7.-30.9 2023 | 1.1.-30.9 2024 | 1.1.-30.9 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| Hagnaður tímabilsins | | 322.155 | 266.423 | 563.177 | 546.736 |
| Rekstrarliðir án greiðsluáhrifa: | | | | | |
| Afskriftir | | 533.545 | 538.950 | 1.634.514 | 1.589.560 |
| Tekjuskattur | | 108.442 | 66.149 | 171.595 | 135.328 |
| Hreinar fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | 233.949 | 223.743 | 693.990 | 746.278 |
| | | 1.198.091 | 1.095.265 | 3.063.276 | 3.017.902 |
| **Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum** | | | | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | | 54.999 | 48.815 | (30.206) | (32.541) |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur, lækkun (hækkun) | | 15.637 | 17.510 | (106.972) | (175.440) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, hækkun (lækkun) | | 109.573 | (105.295) | 16.120 | (9.281) |
| | | 180.209 | (38.970) | (121.058) | (217.262) |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 10.215 | 9.146 | 28.267 | 27.483 |
| Greidd vaxtagjöld | | (194.159) | (188.758) | (559.702) | (569.193) |
| Greiddir skattar | | (59.083) | 0 | (157.555) | (254.167) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 1.135.273 | 876.683 | 2.253.228 | 2.004.763 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | (289.639) | (231.600) | (1.092.222) | (1.175.826) |
| Uppgjör vegna kaupa á félagi 2017 | 5 | 0 | 0 | (87.500) | 0 |
| Keyptar óefnislegar eignir | | (42.997) | (66.649) | (151.761) | (216.806) |
| | | (332.636) | (298.249) | (1.331.483) | (1.392.632) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Keypt eigin hlutabréf | | (131.063) | (148.504) | (274.249) | (234.542) |
| Afborganir leiguskulda | | (57.407) | (50.014) | (169.314) | (145.266) |
| Afborganir annarra langtímaskulda | | (13.496) | (11.303) | (40.351) | (33.949) |
| Afborganir vaxtaberandi langtímaskulda | | (26.250) | (28.920) | (78.750) | (94.830) |
| | | (228.216) | (238.741) | (562.664) | (508.587) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 574.421 | 339.693 | 359.081 | 103.544 |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé | | 801 | (256) | (7.792) | 1.708 |
| **Handbært fé í upphafi tímabils** | | 273.027 | 430.605 | 496.960 | 664.790 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | | 848.249 | 770.042 | 848.249 | 770.042 |

Skýringar á bls. 8 - 10 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Eiginfjáryfirlit 30. september 2024

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur | Varasjóðir | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Staða 1. janúar 2023** | 3.817.277 | 2.710.068 | 1.183.637 | 1.342.224 | 9.053.206 |
| Hagnaður og heildarafkoma | | | | | |
| janúar til september 2023 | | | | 546.736 | 546.736 |
| Móttekinn arður frá dótturfélagi | | | | | |
| umfram hlutdeild í hagnaði......................... | | | (183.968) | 183.968 | 0 |
| Kaup á eigin hlutabréfum............................... | (54.000) | (180.542) | | | (234.542) |
| **Staða 30. september 2023 / 1. október 2023** | 3.763.277 | 2.529.526 | 999.669 | 2.072.928 | 9.365.400 |
| Hagnaður og heildarafkoma | | | | | |
| október til desember 2023 | | | | 182.084 | 182.084 |
| Hlutdeild í hagnaði dótturfélags...................... | | | | | |
| umfram móttekinn arð................................ | | | 286.138 | (286.138) | 0 |
| Kaup á eigin hlutabréfum............................... | (68.500) | (201.973) | | | (270.473) |
| Lagt í lögbundinn varasjóð............................. | | | 72.882 | (72.882) | 0 |
| **Staða 31. desember 2023 / 1. janúar 2024** | 3.694.777 | 2.327.553 | 1.358.689 | 1.895.992 | 9.277.011 |
| Hagnaður og heildarafkoma | | | | | |
| janúar til sept 2024....................................... | | | | 563.177 | 563.177 |
| Móttekinn arður frá dótturfélagi | | | | | |
| umfram hlutdeild í hagnaði......................... | | | (208.654) | 208.654 | 0 |
| Framlag í lögbundinn varasjóð | | | 56.318 | (56.318) | 0 |
| Kaup á eigin hlutabréfum............................... | (71.117) | (203.131) | | | (274.248) |
| **Staða 30. september 2024** | 3.623.659 | 2.124.422 | 1.206.353 | 2.611.505 | 9.565.940 |

Í samræmi við ákvörðun aðalfundar í mars sl. var hlutafé lækkað um kr. 133.310.000 að nafnverði vegna eigin hluta sem keyptir voru á tímabilinu maí 2023 til og með janúar 2024. Skráð og útgefið hlutafé nam því kr. 3.683.966.464 í lok tímabilsins og eigin hlutir námu kr. 60.307.000. Útistandandi hlutafé í lok tímabilsins nam því kr. 3.623.659.464.

Skýringar á bls. 8 - 10 eru óaðskiljanlegur hluti af samandregna árshlutareikningnum

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Félagið

Nova Klúbburinn hf. („félagið") er skráð félag og með aðsetur á Íslandi. Skrifstofur og höfuðstöðvar félagsins eru að Lágmúla 9 í Reykjavík. Samandreginn árshlutareikningur þessi fyrir tímabilið janúar til september 2024 samanstendur af samandregnum árshlutareikningi Nova Klúbbsins hf. og dótturfélagi þess, Nova hf., saman nefnt „samstæðan".

Meginstarfsemi samstæðunnar er rekstur fjarskiptaþjónustu og skyld starfsemi.

### 1.2 Grundvöllur reikningsskila

Helstu reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru við gerð þessa samandregna árshlutareiknings eru settar fram hér að neðan. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt bæði tímabilin sem reikningurinn nær til, nema annað sé tekið fram.

Samandreginn árshlutareikningur Nova klúbbsins hf. fyrir tímabilið janúar til september 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullgerðum ársreikningi og ber því að lesa með tilliti til ársreiknings ársins 2023.

Samandregni árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhagsupplýsingar í íslenskum krónum hafa verið námundaðar að næsta þúsundi nema annað sé tekið fram.

### 1.3 Mikilvæg atriði tengd matsliðum

Við gerð árshlutareiknings ber stjórnendum, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að gefa sér forsendur, áætla og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á uppgjörsdegi, upplýsingar í athugasemdum og tekjur og gjöld. Þetta mat og ályktanir tengdar því er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Jafnvel þótt áætlanir séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunvirði þeirra hluta sem áætlað er með þessum hætti reynst annað en niðurstaðan samkvæmt matinu.

# Skýringar

## 2. Sölutekjur af samningum við viðskiptavini

Í samræmi við innri upplýsingagjöf er félagið skilgreint sem einn starfsþáttur með fjórum megin tekjustraumum: FlakkNet, FastNet, Vörusala og Aðrar sölutekjur.

| | |
|---|---|
| FlakkNet: | Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur. Framangreindar tekjur eru tekjufærðar yfir viðeigandi áskriftartímabili eða á því tímabili sem notkun á sér stað. |
| FastNet: | Tekjur af þjónustu sem nýtir fastanet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastanet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur. Framangreindar tekjur eru tekjufærðar yfir viðeigandi áskriftartímabili eða á því tímabili sem notkun á sér stað. |
| Vörusala: | Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði. Vörusala er tekjufærð á þeim tímapunkti þegar yfirráð yfir vöru færast yfir til viðskiptavinar. |
| Aðrar sölutekjur: | Tekjur af annarri fjarskiptatengdri þjónustu sem fellur ekki undir ofangreinda flokka. Svo sem fastlínuþjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl. Þessar tekjur eru tekjufærðar á því tímabili sem notkun á sér stað. |

| Janúar til sept 2024 | FlakkNet | FastNet | Vörusala | Aðrar sölut. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Á tímapunkti | 0 | 0 | 1.264.939 | 0 | 1.264.939 |
| Yfir tímabil | 4.824.375 | 2.891.640 | 0 | 749.044 | 8.465.059 |
| Tekjur samtals | 4.824.375 | 2.891.640 | 1.264.939 | 749.044 | 9.729.998 |

| Janúar til sept 2023 | FlakkNet | FastNet | Vörusala | Aðrar sölut. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Á tímapunkti | | 0 | 1.393.224 | 0 | 1.393.224 |
| Yfir tímabil | 4.653.486 | 2.656.118 | 0 | 842.226 | 8.151.830 |
| Tekjur samtals | 4.653.486 | 2.656.118 | 1.393.224 | 842.226 | 9.545.054 |

Enginn einn viðskiptavinur keypti vörur eða þjónustu af Nova fyrir meira en 10% af tekjum félagins á tímabilinu.

## 3. Afskriftir

| Afskriftir greinast þannig: | Jan-sept 2024 | Jan-sept 2023 |
|---|---|---|
| Afskriftir óefnislegra eigna | 324.889 | 364.181 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 1.096.586 | 1.027.793 |
| Afskriftir nýtingaréttar leigueigna | 213.039 | 197.586 |
| | 1.634.514 | 1.589.560 |

# Skýringar

## 4. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig: | Jan-sept 2024 | Jan-sept 2023 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 28.267 | 27.483 |
| Vaxtagjöld leiguskuldbindinga | (335.781) | (311.571) |
| Vaxtagjöld annarra skulda | (57.244) | (50.092) |
| Verðbætur annarra skulda | (146.746) | (185.265) |
| Vaxtagjöld langtímalána | (172.484) | (225.597) |
| Önnur fjármagnsgjöld | (8.642) | (1.907) |
| Fjármagnsgjöld samtals | (720.896) | (774.432) |
| Gengismunur | (1.358) | 671 |
| Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) samtals | (693.987) | (746.278) |

## 5. Málarekstur

Þann 18. mars sl. var gengið frá samkomulagi um fullnaðaruppgjör í máli seljenda Símafélagsins ehf. gegn Nova hf. og lauk málinu þann dag með niðurfellingu þess í héraðsdómi, án kostnaðar. Í samræmi við efni samkomulagsins greiddi Nova til seljenda Símafélagsins eingreiðslu að fjárhæð 87,5 m.kr. þann 25. mars sl. til fullnaðaruppgjörs á öllum kröfum þeirra, þ.m.t. vaxta- og málskostnaðarkröfum. Fjárhæðin er færð til hækkunar á bókfærðu verði viðskiptavildar.

## 6. Atburðir eftir reikningsskiladag

Eftir lok reikningsskiladags hefur félagið keypt viðbótar eigin hluti í samræmi við áðurnefnda heimild aðalfundar í mars um endurkaup eigin hluta. Til og með lokum viku 43 (25. október) nema heildarkaup eigin hluta samtals 71.308 þúsund hlutum að nafnverði, á meðalgenginu 3,80 fyrir alls 271.220 þ.kr., sem nemur 1,94% af útgefnu hlutafé félagsins.

# Ársfjórðungs niðurstöður

| Ársfjórðungs niðurstöður 2024 í mkr.: | F1 2024 | F2 2024 | F3 2024 | Samtals 9M 2024 |
|---|---|---|---|---|
| FlakkNet | 1.549 | 1.578 | 1.698 | 4.824 |
| FastNet | 936 | 941 | 1.015 | 2.892 |
| Vörusala | 419 | 436 | 410 | 1.265 |
| Aðrar sölutekjur | 264 | 245 | 239 | 749 |
| Aðrar rekstrartekjur | 30 | 28 | 26 | 84 |
| **Rekstrartekjur** | **3.197** | **3.228** | **3.388** | **9.814** |
| Kostnaðarverð seldra vara | (1.504) | (1.494) | (1.546) | (4.544) |
| Laun og launatengd gjöld | (516) | (518) | (434) | (1.468) |
| Annar kostnaður | (272) | (256) | (211) | (739) |
| **Rekstrarkostnaður** | **(2.293)** | **(2.268)** | **(2.190)** | **(6.750)** |
| **EBITDA** | **905** | **961** | **1.198** | **3.063** |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | (352) | (366) | (378) | (1.097) |
| Afskriftir óefnislegra eigna | (123) | (120) | (82) | (325) |
| Afskriftir nýtingaréttar | (68) | (72) | (73) | (213) |
| **Afskriftir** | **(543)** | **(558)** | **(534)** | **(1.635)** |
| **Rekstrarhagnaður** | **362** | **403** | **665** | **1.429** |
| Vaxtatekjur | 8 | 10 | 10 | 28 |
| Gengismunur | 3 | (2) | (2) | (1) |
| Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum | (58) | (56) | (58) | (172) |
| Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum | (112) | (112) | (112) | (336) |
| Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum | (19) | (19) | (19) | (57) |
| Verðbætur af öðrum langtímaskuldum | (16) | (84) | (47) | (147) |
| Önnur fjármagnsgjöld | (1) | (1) | (6) | (9) |
| **Fjármagnstekjur og gjöld** | **(196)** | **(264)** | **(234)** | **(694)** |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **166** | **138** | **431** | **735** |
| Tekjuskattur | (33) | (30) | (108) | (172) |
| **Hagnaður ársins og heildarafkoma** | **133** | **108** | **322** | **563** |
| | | | | |
| Afborganir og vaxtaþáttur leiguskuldbindinga | (167) | (169) | (170) | (505) |
| **EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16)** | **738** | **792** | **1.028** | **2.558** |
| | | | | |
| **Kennitölur í rekstrarreikning** | | | | |
| EBITDA hlutfall | 28,29% | 29,75% | 35,36% | 31,21% |
| EBITDAaL hlutfall | 23,08% | 24,52% | 30,36% | 26,07% |
| Hagnaður á hlut | 0,036 | 0,029 | 0,088 | 0,154 |
| | | | | |
| **Kennitölur í efnahagsreikning** | **31.3.2024** | **30.6.2024** | **30.9.2024** | |
| Eiginfjárhlutfall | 39,71% | 40,18% | 40,33% | |
| Veltufjárhlutfall | 1,014 | 1,047 | 1,174 | |

# Ársfjórðungs niðurstöður

| Ársfjórðungs niðurstöður 2023 í mkr.: | F1 2023 | F2 2023 | F3 2023 | F4 2023 | Samtals 2023 |
|---|---|---|---|---|---|
| FlakkNet | 1.503 | 1.547 | 1.604 | 1.523 | 6.177 |
| FastNet | 875 | 885 | 896 | 901 | 3.557 |
| Vörusala | 468 | 473 | 452 | 592 | 1.985 |
| Aðrar sölutekjur | 284 | 278 | 280 | 276 | 1.118 |
| Aðrar rekstrartekjur | 65 | 33 | 23 | 35 | 155 |
| **Rekstrartekjur** | **3.195** | **3.217** | **3.255** | **3.327** | **12.993** |
| Kostnaðarverð seldra vara | (1.521) | (1.546) | (1.532) | (1.644) | (6.243) |
| Laun og launatengd gjöld | (468) | (460) | (408) | (459) | (1.796) |
| Annar kostnaður | (257) | (237) | (219) | (263) | (976) |
| **Rekstrarkostnaður** | **(2.245)** | **(2.243)** | **(2.159)** | **(2.366)** | **(9.014)** |
| **EBITDA** | **949** | **973** | **1.095** | **961** | **3.979** |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | (327) | (346) | (354) | (371) | (1.399) |
| Afskriftir óefnislegra eigna | (122) | (125) | (117) | (124) | (488) |
| Afskriftir nýtingaréttar | (63) | (67) | (67) | (68) | (266) |
| **Afskriftir** | **(512)** | **(538)** | **(539)** | **(563)** | **(2.152)** |
| **Rekstrarhagnaður** | **437** | **435** | **556** | **398** | **1.826** |
| Vaxtatekjur | 9 | 10 | 9 | 60 | 88 |
| Gengismunur | (6) | (0) | 7 | (8) | (7) |
| Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum | (71) | (74) | (81) | (92) | (318) |
| Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum | (101) | (108) | (102) | (100) | (412) |
| Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum | (17) | (17) | (17) | (19) | (69) |
| Verðbætur af öðrum langtímaskuldum | (51) | (95) | (39) | (36) | (222) |
| Önnur fjármagnsgjöld | (1) | (1) | (1) | (1) | (3) |
| **Fjármagnstekjur og gjöld** | **(238)** | **(284)** | **(224)** | **(197)** | **(943)** |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | **199** | **151** | **333** | **201** | **884** |
| Tekjuskattur | (39) | (30) | (66) | (19) | (155) |
| **Hagnaður ársins og heildarafkoma** | **159** | **121** | **266** | **182** | **729** |
| | | | | | |
| Afborganir og vaxtaþáttur leiguskuldbindinga | (150) | (154) | (152) | (149) | (606) |
| **EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16)** | **799** | **819** | **943** | **811** | **3.372** |
| | | | | | |
| **Kennitölur í rekstrarreikning** | | | | | |
| EBITDA hlutfall | 29,72% | 30,26% | 33,65% | 28,87% | 30,62% |
| EBITDAaL hlutfall | 25,02% | 25,46% | 28,97% | 24,38% | 25,96% |
| Hagnaður á hlut | 0,042 | 0,032 | 0,070 | 0,049 | 0,193 |
| | | | | | |
| **Kennitölur í efnahagsreikning** | **31.3.2023** | **30.6.2023** | **30.9.2023** | **31.12.2023** | |
| Eiginfjárhlutfall | 40,30% | 39,48% | 40,06% | 40,04% | |
| Veltufjárhlutfall | 1,166 | 1,005 | 1,115 | 1,029 | |